

AUGLÝSING

um deiliskipulagstillögur í Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Deiliskipulag Forsæti II.

Deiliskipulagstillagan tekur til um 4 ha svæðis úr jörðinni Forsæti II í Vestur-Landeyjum. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, gestahúss, bílskúrs, hesthúss og skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Breyting á deiliskipulagi í Langanesi.

Breytingin varðar 1., 2. og 3. áfanga gildandi deiliskipulags. Heimil stærð húsa eftir breytingu verður 200 m² og reisa má allt að 30 m² aukahús. Í 3. áfanga verða bústaðir ekki fleiri en 12.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Staðarbakka.

Í breytingunni felst að byggingarreitir allra lóða eru stækkaðir og mega rúma allt að þrjú hús, aðalhús mest 150 m² og tvö aukahús að hámarki 40 m² hvort.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir íbúðarlóðir að Ey 2.

Tillagan tekur til þriggja íbúðarlóða á um 3 ha landspildu. Á hverri lóð er heimilt að byggja allt að 300 m² íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða sitt í hvoru lagi. Þá er heimilt að byggja allt að 50 m² gestahús eða geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Fagrahlíð, deiliskipulag íbúðarlóða.

Tillagan nær til tæplega 3 ha landsvæðis úr landi Fögruhlíðar. Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarlóðum auk lóðar fyrir hesthús og skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Skarðshlíð I.

Tillagan nær til um 5 ha svæðis úr landi Skarðshlíðar I. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, útihúsa og smáhýsa.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Koltursey.

Deiliskipulagið nær til um 10 ha lands Kolturseyjar. Tillagan tekur til íbúðarhúss, bílskúrs/skemmu, reiðskemmu og smáhýsa.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag lóða fyrir ferðaþjónustu, Eystra-Seljaland.

Deiliskipulagið nær til um 10 ha landspildu úr jörðinni Eystra-Seljalandi. Tillagan tekur til byggingar á tveimur frístundahúsum og allt að 15 smáhúsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Dægru.

Deiliskipulagið nær til um 3 ha svæðis úr landi Dægru. Tillagan tekur til byggingarreits fyrir íbúðarhús, stækkunar gestahúss og skemmu og byggingar geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag landspildu úr landi Skeggjastaða.

Deiliskipulagið nær til tæplega 4 ha landspildu úr landi Skeggjastaða. Tillagan tekur til byggingarreits fyrir frístundahús, skemmu og geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Skeið.

Deiliskipulagið nær til um 14,3 ha svæðis úr jörðinni Skeið. Tillagan gerir ráð fyrir þremur lóðum fyrir íbúðarhús, einni lóð fyrir hesthús, einni lóð fyrir vélageymslu og tveimur frístundahúsalóðum auk reits fyrir hestagerði.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Forsæti I, Tjarnir I og II, Jónshús og Fljótsbakka I og II.

Deiliskipulagið nær til um 43 ha svæðis úr landi Forsætis. Tillagan tekur til tveggja frístundahúsa, íbúðar- og útihúsa.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Sámsstaði.

Deiliskipulagið nær til um 33 ha svæðis jarðarinnar Sámsstaða. Tillagan tekur til 16 frístundahúsalóða.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. febrúar 2013.

Deiliskipulag fyrir Torfastaði/Hlíðarbakka.

Deiliskipulagið nær til um 5 ha svæðis. Tillagan tekur til tveggja íbúðarlóða og tveggja frístundalóða.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. apríl 2013.

Deiliskipulagsbreyting fyrir Kirkjuhvolsreitinn á Hvolsvelli.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Tillagan tekur til um 0,6 ha svæðis. Í stað 12 íbúða í 6 parhúsum er gert ráð fyrir 5 íbúðum í raðhúsi og 4 íbúðum í 2 parhúsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. júní 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 26. júní 2013.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.